

1869.

25. ágúst.

76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturamtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri.

Um leið og þér, herra amtmaður, hafið gjört grein fyrir, hvernig þér hafið varið þeim 1500 rd., sem stjórnarráðið veitti yður umráð yfir í fyrra haust, til þess að þér gætuð veitt þeim sveitum í vesturamtinu lán til að kaupa kornmat fyrir, þar sem það virtist nauðsynlegt til að afstýra hallæri, hafið þér skýrt frá í bréfi dagsettu 15. f. m., að illa horfist á víða hvar í vesturamtinu um ástandið að vetri komanda, sér í lagi í Staðarsveit og Breiðuvíkurbrepp í Snæfellsnessýslu og í ýmsum sveitum í Barðastrandarsýslu; þér hafið því sókt um, að yður verði veittir til umráða 2500 rd., til þess að lána þá, ef þörf gærist, þeim sveitum í vesturamtinu til að kaupa fyrir kornmat, þar sem það er óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra hallæri eða öðrum ófarnaði fyrir sveitirnar.

Útaf þessu skal yður kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið treystist ekki til að veita yður fé það til umráða, er þér hafið beðið um í þessu skyni, en að vèr verðum að vísa yður á að afstýra hallæri því, er þér óttist fyrir, með því að láta jafna niður hærra aukaútsvari á sveitirnar til fátækra, og ef að það reynist ónóg, þá að fá lán hjá kaupmönnum eða öðrum á kostnað jafnaðarsjóðsins, og getið þér búizt við, að stjórnarráðið muni samþykkjast slíka ráðstöfun, ef að ekki koma seinna nýjar upplýsingar um svo mikil vandræði, að vèr álítum nægt tilefni til að fara þess á leit við ríkisþingið, að fèð verði borgað úr ríkissjóðnum.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri.

3. septbr.

Í bréfi dagsettu 28. júlímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, að nýju skýrt frá, að í norður- og austuramtinu sè